TÍMASJÁ RÚRÍAR

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Kjarvalssal á Kjarvalsstöðum sýnir Þuríður Fannberg, betur þekkt undir listamannsheitinu **Rúrí,** 5 ný verk, er hún hefur gefið samheitið „Tími" fram til 11. október.

Þetta eru engin almenn myndverk, heldur tvö viðamikil umhverfisverk, „grafískar dókumentasjónir", ljósmyndir og teikningar og hafa öll verið á sýningum erlendis áður, í Kaupmannahöfn, Malmö og Helsingfors, en eru nú í fyrsta skipti sýnd hér heima. Jafnframt hefur hún látið prenta 40 síðna kynningarrit með myndum í svarthvítu og lit, sem eru heimildir um verk, sem hún hefur verið að vinna að á undangengnum árum svo og gjörninga ýmiss konar.



Rúrí

Rúrí er atorkumikil listakona, sem leggur jafnvel meiri áherslu á að sýna og vera virk í listinni í útlandinu en hér heima, enda hafa víst fáir íslenzkir myndlistarmenn sýnt jafn víða á sl. áratug og hún.

En Rúrí hefur þó komið heilmikið við sögu í íslenzkum núlistum og þá einkum hvað varðar umhverfisverk og gjörninga, en einnig getur hún brugðið fyrir sig traustum sígildum vinnubrögðum, svo sem sjá má í verðlaunaverki fyrir flugstöð Leifs Eiríkssonar.

En framar öllu öðru er Rúrí hugmyndafræðilegur listamaður, þar sem hvert verk er sjálfstæð hugmynd í efni og útfærslu og er hér á línu með Joseph Beuys og raunar mörgum öðrum. Verk Rúríar eru framar öðru fjölþjóðleg og þannig gerð undir sterkum áhrifum frá alþjóðlegum straumum síðustu áratuga og þannig séð koma þau manni ekki á óvart, nema ef vera skyldi fyrrnefnt verðlaunaverk.

Menntun listakonunnar er mjög traust, og ég held að einkum njóti hún þess ríkulega að hafa verið tvö ár í málmsteypudeild Iðnskólans, sem auðveldar henni mjög að hagnýta sér listaskólanámið og framkvæmd hinna ýmsu hugmynda sinna.

Þetta kemur vel fram á sýningunni, t.d. í umhverfisverkinu „Safn", þar sem hinar dökku kistur eru hin vandaðasta smíð og skapa dulmögnuð áhrif á hinu afmarkaða svæði. Gerandinn hefur staðsett hina margvíslegustu hluti og dót úr nýliðinni tíð og fortíð í kisturnar, og stundum nær því að framkalla óvænt áhrif hjá skoðandanum. Allar kisturnar eru eins, en númer og innihald mismunandi.

Þessi hluti sýningarinnar hafði einna öflugust áhrif á mig, en ég er ekki viss um, að hér komi fram sterkustu né persónulegustu einkenni listamannsins.

Umhverfisverk Rúríar, „Concrete", er t.d. mjög í anda þess, sem ég hef séð á höggmyndasýningum ytra, t.d. sumarsýningunni í Veksölund fyrir utan Kaupmannahöfn. Verkið vekur hjá manni ákveðin viðbrögð, einkum þegar maður sér það í lit í ritlingnum. Í svart-hvítu ljósmyndunum verða áhrifin önnur og öllu rýrari.

Slíkur leikur með tímann og rýmið getur verið mjög áhugaverður, þegar best lætur og orsakað sterk viðbrögð hjá fólki.

Ég er þó ekki alveg jafn mikið með á nótunum varðandi umhverfisverkið „Tími", þar sem listakonan framkallar ljósmyndir á stórar glerplötur sem hanga í lausu lofti og er með dót úr fortíð á gólfi — en kannski fellur húsnæðið ekki að hugmyndinni, t.d. sýnist mér verkið komast betur til skila í dagsbirtu er skín inn um glugga á Sveaborg. Í öllu falli hreyfði verkið lítið við kenndum mínum.

Hvað varðar ljósmyndir af verkunum „Tími Lystiskáli" og „Rúst", þá er ákaflega erfitt að taka afstöðu til þeirra, því að helst hefði maður þurft að vera á staðnum, þar sem verkin voru sett upp, til að vera fær um það, meðtaka áhrifin að fullu.

Vinnubrögð Rúríar eru þaulhugsuð og vísindaleg og hún hefur fyrir löngu sannað styrk sinn sem listamaður af alþjóðlegri gráðu og sýningin staðfestir það ágætlega, en satt að segja þá gefur ritlingurinn mun betri hugmynd hér um.



Öruggar upplýsingar um
KASKÓ-ÁVÖXTUN
Síðasta vaxtatímabil gaf ársávöxtun
sem svarar 22,96%

Ávöxtun fyrir síðasta vaxtatímabil KASKÓ-reikningsins (júlí–sept.) var 5,3%. Það þýðir miðað við sömu verðlagsþróun fyrir heilt ár 22,96% ársávöxtun. Ef miðað er við síðustu þrjú vaxtatímabil KASKÓ-reikningsins (janúar–sept.) þá er ársávöxtun reiknuð á sama hátt 24,38%.

KASKÓ – öryggislykill Sparifjáreigenda.

VERZLUNARBANKINN
-vinnur með þér!